

02760

Top 10

Topp 10

Stærðfræðileikur

Aldur: 5-10 ára

2-8 leikmenn

Tími: 15 mín

Innihald:

- 68 spil

Markmið leiksins er að vera fyrstur til að losna við spilin sín með því að bæta við dýrum svo þau verði 10.

Tilvalinn leikur til að læra:

- Samlagninu
- Bragðvísi
- Einbeitingu

Undirbúningur:

Hver leikmaður fær 7 spil, eða 10 í lengri leikjum.

Stokkurinn er lagður á borðið og einu töluspili flett við til að byrja.

Leikreglur:

Sá leikmaður sem hermir best eftir hænu byrjar leikinn. Hver leikmaður leikur einu spili í hverri umferð (nema ef hann fær slag).

Þegar leikmaður klárar summu, eru spilin tekin úr leik og leikmaðurinn getur spilað nýjum spilum af hendi.

Ef leikmaður getur ekki leikið, tekur hann spil og sleppir úr umferð.

Spilagerðir:

- **Töluspil:** Leikmaðurinn sem byrjar leggur fyrsta spilið sitt við hliðina á stokknum og hinir leika á eftir.

-1-6 dýr á hverju spili. Markmiðið er að leggja saman dýr svo þau verði 10 í allt. Hægt er að leggja saman mismunandi dýr: 1 kýr + 4 hænur + 2 svín + 3 kanínur.

Þegar leikmaður klárar summu, eru spilin tekin úr leik og leikmaðurinn getur spilað nýjum spilum af hendi.

- **Árásarspil:** Þau eru lögð ofan á bunka af spilum sem búið er að henda.
 - ,Sleppa úr umferð' spil. Dýr er innilokað. Næsti leikmaður sleppir úr umferð.
 - ,Breyta um stefnu' spil. Dýr heldur á skilti með örvum. Leikurinn gengur rangsælis. Ef næsti leikmaður er vinstra megin, leikur sá sem er hægra megin.
 - ,Draga spil'. Dýr stekkur yfir girðingu. Næsti leikmaður dregur spil.
 - ,Draga tvö spil'. Tvö dýr stökkva yfir girðingu. Næsti leikmaður dregur tvö spil (ath. þegar næsti leikmaður er búinn að draga spilin má hann leika).
 - ,Gefa eitt spil'. Dýr í hjólbörum sem er ýtt af öðru dýri. Leikmaður sem spilar þessu spili fær spil að ,gjöf' frá öðrum leikmanni að eigin vali.